



GILDANDI DEILISKIPULAG  
ÖDLADIST GILDI 19.03.2014, M.S.BR.

0 120 240 360 480 600  
1:6500




BREYTT DEILISKIPULAG.

0 120 240 360 480 600  
1:6500



GILDANDI DEILISKIPULAG  
ÖDLADIST GILDI 19.03.2014, M.S.BR.

0 50 100 150 200 250  
1:2500



BREYTT DEILISKIPULAG.

0 50 100 150 200 250  
1:2500

## HLÍÐARFJALL - SKÍÐASVÆÐI VIÐ AKUREYRI

### BREYTING Á DEILISKIPULAGI - SLEÐABRAUT

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Skipulagsvæðið stækkar um 5 ha til austurs neðan Skíðastaða en stækkunin er innan hverfisverndarsvæðis Hlíðarfjalls.
- Lóð skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli minnkar um 2,8 ha. Lóðin er tvískipt og minnkar lóðin sunnan Hesjuvalllands um 2,8 ha, úr 485,95 ha í 483,15 ha.
- Bætt er við nýrri lóð fyrir sleðabraut frá bílastæði austan Skíðastaða og niður hlíðina til austurs. Fjarlægð lóðarmarka frá Hlíðarfjallsvegi er að lágmarki 25m. Stærð lóðarinnar er 7,6 ha. Bætt er við nýjum byggingarreit (T) innan nýju lóðarinnar. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa allt að 1100m langa sleðabraut með um 660m langri lyftu, samtals um 1760m, ásamt þjónustuhúsi fyrir vélbúnað og lítilli byggingu fyrir miðasölu við efri endastöð sleðabrautarinnar. Undirstöður sleðabrautar skulu vera festar niður í jörðina og skal sleðbrautin sjálf vera að lágmarki 30 cm yfir landi. Byggingarnar skulu hvort um sig vera að hámarki 30 m<sup>2</sup> og hámarkshæð þeirra vera 4,0 m yfir gólfkóta. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls en á uppdrætti má sjá legu sleðabrautarinnar samkvæmt forhönnun.
- Bætt er við þjónustuvegi að byggingarreit við efri mörk hans.
- Bætt er inn á uppdrátt núverandi fjallahjólbraut sem liggur frá gönguhúsi og niður í gegnum byggingarreit fyrir sleðabrautina og svo áfram niður með gamla Hlíðarfjallsvegi.
- Á einum stað munu sleðbrautin og fjallahjólbrautin þverast en þar mun sleðbrautin fara á brú yfir fjallahjólbrautina.
- Legu fyrirhugaðs útivistarstígs/þjónustuvegar og fyrirhugaðrar hitaveitulagnar er breytt þannig að útivistarstígurinn/þjónustuvegurinn og hitaveitulögnin liggja ekki í byggingarreit fyrir sleðabrautina en auk þess er ný lega heppilegri þar sem hún fer ekki yfir gil sem er sunnan nýja byggingarreitsins heldur niður með gamla Hlíðarfjallsvegi.

Ekki er talið að breytingin hafi í för með sér neikvæð umhverfisáhrif þar sem sleðbrautin mun liggja um 30 cm frá jörðu og hvílir ekki á jarðvegnum sjálfum. Undirstöður verða pinnaðar niður í jörðina og brautin sett niður á undirstöðurnar og því er um að ræða afturkræfa framkvæmd.

Ekki er gert ráð fyrir raski á landi eða sérstakri landmótun vegna breytingar á deiliskipulagi, umfram það sem heimilt er skv. gildandi deiliskipulagi.

Gildandi deiliskipulag er sett fram á tveimur uppdráttum í A1, annarsvegar allt skipulagsvæðið í mkv. 1:6500 og hinsvegar kjarnasvæði skíðasvæðisins í mkv. 1:2500. Vegna þessa er breyting á deiliskipulagi sett fram í tveimur gluggum í sama mælikvarða og gildandi deiliskipulag, annarsvegar 1:6500 og hinsvegar 1:2500.


Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 19.03.2014, m.s.br.

Samhlíða breytingu þessari er gerð breyting á aðalskipulagi þar sem stækkunin nær út fyrir skilgreint skíðasvæði (Íþróttasvæði Íþ10).

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERID  
SKV. 1. MGR. 41. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010  
FRÁ \_\_\_\_\_ TIL \_\_\_\_\_  
VAR SAMPYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN \_\_\_\_\_

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMPYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í  
B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN \_\_\_\_\_



HLUTI AÐALSKIPULAGS AKUREYRAR 2018-2030  
SVEITARFELGASUPPDRÁTTUR

SKÝRINGAR	
■	SVEITARFELGASMÖRK
■	MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
—	HVERFISVERNDARMÖRK
—	LANDAMERKI HESJUVALLA
---	LÓÐARMÖRK
■	NÚVERANDI BYGGINGAR
■	BYGGINGARREITIR FÜR HÚS
■	MÉNISTEFNA
■	BYGGINGARREITIR FÜR SKIDALYFTUR OG STJORNSTODVARHUS
■	HLIDARFJALLSVEGUR
■	VEGSLODARÞJONUSTUVEGUR
■	GONGUSTIGUR
■	UTIVISTARSTIGUR/ÞJONUSTUVEGUR
■	BILASTEDI
■	NÚVERANDI SKIDALYFTUR
■	NÚVERANDI SKIDALEIDIR/RASKAD SVEDI
■	NYJAR SKIDALEIDIR/RASKAD SVEDI
■	GONGUBRAUTIR
■	UPPLYSTAR GONGUBRAUTIR
■	HITAVEITA, STOFNLOGN
■	VATNSVEITA, STOFNLOGN
■	SOFNUNARLON
■	LAGNALEIDIR F. VATN OG RAFMAGN
■	VATNSVERNDARSVEDI - BRUNNSVEDI
■	VATNSVERNDARSVEDI - GRANNSVEDI
■	VATNSVERNDARSVEDI - FJARSVEDI
■	NÚVERANDI ROTÞRO, NYTT AFRAM
■	NY ROTÞRO
■	VATNSOFNUNARTANKAR
■	MELDAR HAEDIR
○	FORMINJAR
■	SLEÐABRAUT
■	FJALLAHJÓLABRAUT
■	SVÆÐI SEM BREYTINGIN NER TIL

HEILDARSTÆRÐ	FJÓLDI HÆÐA
HÁMARKSHÆÐ	NYTINGARHLUTFALL

UNNID FYRIR:  
SKIPULAGSSVIÐ AKUREYRARBÆJAR

24.03.2025: BREYTT EFTIR KYNNINGARTÍMA

HLÍÐARFJALL-SKÍÐASVÆÐI VIÐ AKUREYRI  
BREYTING Á DEILISKIPULAGI - SLEÐABRAUT  
SKIPULAGSUPPDRÁTTUR A OG B

KVARDI-A1: 1:6500 OG 1:2500	TEIKN NR: 001
DAGS: 21.02.2025	HANNAÐ: Ó / I / AI
FLOKKUR: 6000	TEIKNAD: Ó / I / AI
SKRÁ	VERKNR: 22240

